

REGLUR UM VIÐURLAGANEFND

NASDAQ ICELAND HF.

ÚTGEFNAR 9. desember 2025

Efnisyfirlit

1.	Skýldur Viðurlaganefndar, gildandi reglur og aðilar	3
2.	Skipun nefndarinnar.....	3
3.	Stofnað til máls fyrir Viðurlaganefnd	4
4.	Vanhæfi nefndarmanna	4
5.	Málsmeðferð fyrir Viðurlaganefnd og birting upplýsinga meðan á henni stendur.....	4
6.	Ákvörðunartaka Viðurlaganefndar.....	5
7.	Ákvarðanir og birting ákvarðana Kauphallarinnar og Viðurlaganefndar	5
8.	Upplýsingar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.....	5
9.	Trúnaður.....	5
10.	Laun fyrir nefndarsetu.....	6
11.	Meðferð févita.....	6
12.	Gildistaka	6

1. Skyldur Viðurlaganefndar, gildandi reglur og aðilar

1.1. Viðurlaganefnd Nasdaq Iceland hf. („Kauphöllin“) tekur til meðferðar og ákvarðar um viss mál vegna brota á reglum eins og skilgreint er í Nasdaq Nordic Main Market – Shares – Rulebook, Nasdaq Iceland Aðalmarkaður – Skuldabréf – Reglur, Nasdaq Iceland Aðalmarkaður – Hlutdeildarskírteini – Reglur, Nasdaq Iceland Aðalmarkaður – Sérhæfðir sjóðir – Reglur, First North Growth Market Rulebook for Issuers of Shares, First North Iceland Growth Market Rulebook for Issuers of Fixed Income Instruments og aðildarreglum Nasdaq Nordic (e. Nordic Member Rules).

1.2. Eftirfarandi aðilar¹ geta verið aðilar að máli sem fer fyrir Viðurlaganefnd („málsaðili“):

Útgefandi fjármálagerninga í samræmi við eftirfarandi reglubækur:

- Nasdaq Nordic Main Market – Shares – Rulebook
- Nasdaq Iceland Aðalmarkaður – Skuldabréf – Reglur
- Nasdaq Iceland Aðalmarkaður – Hlutdeildarskírteini – Reglur
- Nasdaq Iceland Aðalmarkaður – Sérhæfðir sjóðir – Reglur
- First North Growth Market Rulebook for Issuers of Shares
- First North Iceland Growth Market Rulebook for Issuers of Fixed Income Instruments

Viðurkenndur ráðgjafi (e. Certified Adviser) í samræmi við eftirfarandi reglubók:

- First North Growth Market Rulebook for Issuers of Shares

Kauphallaraðili eða miðlari í samræmi við eftirfarandi reglubók:

- Aðildarreglur Nasdaq Nordic (e. Nasdaq Nordic Member Rules)

2. Skipun nefndarinnar

2.1. Stjórn Kauphallarinnar skal skipa minnst þrjá og mest fimm nefndarmenn í Viðurlaganefnd. Þar af skulu a.m.k. tveir hafa haldgóða þekkingu á verðbréfamörkuðum. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu skipaðir af stjórn Kauphallarinnar; æskilegt er að þeir báðir hafi meistaraþróf í lögfræði.

2.2. Nefndarmenneru skipaðir til fjögurra almanaksára í senn. Stjórn Kauphallarinnar getur ekki vikið manni úr nefndinni nema af sérstaklega alvarlegum ástæðum.

¹ Allir slíkir aðilar hafa stofnað til samningssambands við Kauphöllina sem skuldbindur þá til að uppfylla viðkomandi kröfur.

2.3. Óheimilt er að skipa í nefndina einstakling sem starfar hjá fyrirtæki eða stofnun sem á með beinum eða óbeinum hætti 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti í Kauphöllinni, eða hjá félagi sem tilheyrir sömu samstæðu fyrirtækja og slík stofnun eða fyrirtæki. Auk þess er óheimilt að skipa í nefndina einstakling sem er forstjóri eða stjórnarmaður hjá slíku fyrirtæki eða stofnun, eða sem vinnur verkefni fyrir slíkt fyrirtæki eða stofnun ótímabundið.

3. Stofnað til máls fyrir Viðurlaganefnd

3.1. Kauphöllin skal stofna til mála sem fara fyrir Viðurlaganefnd. Yfirmaður eftirlits Kauphallarinnar, eða einstaklingur sem hefur til þess heimild frá honum, skal undirbúa og leggja fram þau mál sem fara fyrir nefndina auk þess að stofna til málsins fyrir henni.

3.2. Leiki grunur á að aðili hafi gerst brotlegur við ákvæði þeirra regna sem vísað er til í gr. 1.1. og Kauphöllin hefur ekki stofnað til máls fyrir Viðurlaganefnd er nefndarformanni heimilt að óska eftir því að Kauphöllin rannsaki málið. Að rannsókn lokinni tekur Kauphöllin ákvörðun um hvort stofna skuli til máls fyrir Viðurlaganefnd.

3.3. Ef mál sem fara á fyrir nefndina varðar fyrirtæki eða stofnun sem á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti í Kauphöllinni eða félag sem tilheyrir sömu samstæðu fyrirtækja og slíkt fyrirtæki eða stofnun, eða málið varðar miðlara slíks fyrirtækis eða stofnunar, skal Kauphöllin tilkynna nefndinni um málið án tafar. Í slíkum tilvikum er nefndinni heimilt að skipa annan aðila utan Kauphallarinnar til að undirbúa og hafa umsjón með málinu telji nefndin það nauðsynlegt.

4. Vanhæfi nefndarmanna

4.1. Nefndarmaður í Viðurlaganefnd sem tekur þátt í beitingu viðurlaga skal vera hlutlaus og sjálfstæður. Víki nefndarmaður ekki sæti skal hann án tafar tilkynna nefndinni um alla þætti sem geta talist ógna hlutleysi hans eða sjálfstæði og skal bóka slíkt í fundargerð.

4.2. Viðurlaganefnd er heimilt, að eigin frumkvæði eða að frumkvæði málsaðila, að lýsa nefndarmann vanhæfan ef hann væri vanhæfur til afgreiðslu málsins sem dómari og vegna annarra þátta sem réttlætanlegt er að telja að ógni hlutleysi hans og sjálfstæði. Í fundargerð skal bóka vanhæfi nefndarmanns.

5. Málsmeðferð fyrir Viðurlaganefnd og birting upplýsinga meðan á henni stendur

5.1. Viðurlaganefnd skal hefja málsmeðferð án tafar eftir að Kauphöllin stofnar til máls fyrir nefndinni. Formaður, eða varaformaður í fjarveru hans, boðar nefndina til funda. Yfirmaður eftirlits Kauphallarinnar aðstoðar nefndina við að uppfylla skyldur sínar.

- 5.2. Sé viðkomandi mál ekki á valdsviði Viðurlaganefndar eða málið sem tillaga er gerð um er augljóslega tilhæfulaust er formanni nefndarinnar heimilt að vísa tillögunni frá tafarlaust.
- 5.3. Fundir nefndarinnar og þau skjöl og önnur gögn sem tekin eru til meðferðar eða undirbúin á fundum og/eða fyrir fundi hennar skulu ekki gerð opinber.
- 5.4. Meðferð viðurlagamála skal vera með skriflegum hætti. Þó getur Viðurlaganefnd heimilað málsaðila að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með munnlegum hætti.
- 5.5. Um rétt Viðurlaganefndar til að fá nauðsynlegar upplýsingar fer skv. þeim reglum sem vísað er til í gr. 1.1.
- 5.6. Málsaðila skal veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um alla mikilvæga þætti sem koma upp í tengslum við meðferð máls sem hann á aðild að.

6. Ákvörðunartaka Viðurlaganefndar

Fundir Viðurlaganefndar eru ályktunarbærir þegar meirihluti nefndarmanna er viðstaddur. Annað hvort formaður eða varaformaður nefndarinnar verður að vera viðstaddur. Hver nefndarmaður fer með eitt atkvæði á fundum hennar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum nefndarinnar. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

7. Ákvarðanir og birting ákvarðana Kauphallarinnar og Viðurlaganefndar

Viðurlaganefnd getur beitt málsaðila viðurlögum í samræmi við kröfur skv. reglunum sem vísað er til í gr. 1.1. Ákvarðanir Viðurlaganefndar skulu gerðar opinberar að því marki sem nefndin ákveður og í samræmi við reglurnar sem vísað er til í gr. 1.1. Ákvarðanir Viðurlaganefndar um févíti skulu ávallt gerðar opinberar.

8. Upplýsingar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Kauphöllinni og Viðurlaganefnd ber að upplýsa Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands um hvers kyns beitingu viðurlaga og ákvarðanir þar að lútandi.

9. Trúnaður

Nefndarmenn Viðurlaganefndar eru bundnir trúnaði um allt það er varðar hagi málsaðila og málefni Kauphallarinnar, svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til þess að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Trúnaðarskyldan helst þótt nefndarmenn víki úr nefndinni.

10. Laun fyrir nefndarsetu

Nefndarmenn Viðurlaganefndar skulu eiga rétt á launum skv. ákvörðun stjórnar Kauphallarinnar.

11. Meðferð févíta

11.1. Févítí sem ákvarðað hefur verið af Viðurlaganefnd skal ekki ráðstafa í fjármögnum á rekstri Kauphallarinnar eða tengdra aðila hennar.

11.2. Févítí skal einungis ráðstafa til að styðja við samtök eða verkefni sem stuðla að fjármálalæsi og fræðslu á Íslandi.

11.3. Í samræmi við bókhaldsstaðla, skulu févítí sem falla til í samræmi við reglur þessar, færð sem bundið fé og skráð sem skuldbinding þar til févítinu er ráðstafað í samræmi við ákvæði 11.2.

12. Gildistaka

Reglur þessar skulu taka gildi hinn 9. desember 2025.